

18. FEBRÚAR 2024

STYTTRI TILKYNNING UM SAMRUNA

STYRKÁS HF.

OG

**STÓLPI GÁMAR EHF., STÓLPI SMÍÐJA EHF.,
KLETTASKJÓL EHF., STÓLPI EHF., TJÓNAPJÓNUSTAN EHF.
OG ALKUL EHF.**

SAMRUNASKRÁ

Skrá þessi er tekin saman af BBA Fjeldco ehf. fyrir hönd Styrkás hf. vegna fyrirhugaðs samruna Styrkás hf. og félaganna Stólpi Gámar ehf., Stólpi Smiðja ehf., Klettaskjól ehf., Stólpi ehf., Tjónaþjónustan ehf. og Alkul ehf. Skráin er tekin saman í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 („**samkeppnislög**“ eða „**skl.**“) og reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu samruna og viðauka við þær.

Óskað er eftir því að farið verði með upplýsingar og fylgiskjöl sem auðkenndar eru með hornklofa sem trúnaðarmál sbr. 17. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 og 16. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, vegna viðskiptalegs eðlis þeirra og hagsmuna aðila. Þá er jafnframt sent meðfylgjandi afrit án trúnaðarupplýsinga. Kjósi Samkeppniseftirlitið að setja sig í samband við viðskiptavini og birgja samrunaaðila í tengslum við rannsókn þess samruna sem hér er tilkynntur, óska samrunaaðilar eftir því að tengiliður þeirra fái upplýsingar um það samhliða vegna viðkvæms eðlis viðskiptasambanda og mikilvægi þessara sambanda í rekstri samrunaaðila.

Allar upplýsingar sem veittar eru í skrá þessari eru réttar og fullnægjandi eftir bestu vitund samrunaaðila.

1. KAFLI Grunnupplýsingar

1.1 Aðilar samrunans

Aðilar samrunans eru eftirfarandi aðilar:

- 1) **Styrkás hf.**, kt. 660722-0920, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík (hér eftir einnig „**Styrkás**“);
og
- 2) **Stólpi Gámar ehf.**, kt. 460121-1590, Klettagörðum 5, 104 Reykjavík („**Stólpi Gámar**“);
- 3) **Stólpi Smiðja ehf.**, kt. 460121-1750, Klettagörðum 5, 104 Reykjavík („**Stólpi Smiðja**“);
- 4) **Klettaskjól ehf.**, kt. 460121-0510, Klettagörðum 5, 104 Reykjavík („**Klettaskjól**“)
- 5) **Stólpi ehf.**, 460121-0430, Klettagörðum 5, 104 Reykjavík („**Stólpi**“)
- 6) **Tjónaþjónustan ehf.**, kt. 460121-1670, Klettagörðum 5, 104 Reykjavík
(„**Tjónaþjónustan**“);
- 7) **Alkul ehf.**, kt. 491020-0830, Haukdælbraut 48, 113 Reykjavík („**Alkul**“, ásamt Stólpa Gámum, Stólpa Smiðju, Klettaskjól, Stólpa og Tjónaþjónustunni „**félögin**“)

Saman eru ofangreind félög skilgreind sem „**aðilar**“ eða „**samrunaaðilar**“.

1.2 Tengiliðir

Tengiliðir vegna tilkynningar þessarar gagnvart Samkeppniseftirlitinu vegna samrunans eru:

Brynjar Freyr Garðarsson, BBA//Fjeldco
Höfðatorg, 19. hæð, 105 Reykjavík
Sími: 5500535 // 8934466
Netfang: brynjar@bbafjeldco.is

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir, BBA//Fjeldco
Höfðatorg, 19. hæð, 105 Reykjavík
Sími: 5500528 // 8440851
Netfang: thorbjorg@bbafjeldco.is

2. KAFLI Samruninn

2.1 Stutt lýsing á samrunanum og upplýsingar um fyrirhuguð viðskipti

Þann 31. janúar 2023 var undirritaður kaupsamningur á milli Styrkáss sem kaupanda og Máttarstólpa ehf., kt. 560776-0399, Klettagörðum 5, 104 Reykjavík (hér eftir „**seljandi**“), sem

seljanda, um kaup á 100% af hlutafé í félögunum („viðskiptin“). Félögin eru hluti af samstæðu seljanda og er hlutafé þeirra að öllu leyti í eigu seljanda. [...]¹

Viðskiptin sem samrunatilkynning þessi snýr að er háð því skilyrði að Samkeppniseftirlitið eða eftir atvikum áfrýjunarnefnd samkeppnismála ef, svo ber undir, komist að þeirri niðurstöðu á grundvelli 17. gr. og 17. gr. a. - g. samkeppnislaga nr. 44/2005, að í kaupum kaupanda á hinu selda felist ekki samruni sem beri að ógilda eða setja skilyrði samkvæmt tilvitnuðum greinum sem kaupandi getur ekki fallist á. [...]²

2.2 Eðli samrunans

Komi til efnda á grundvelli kaupsamningsins mun Styrkás eignast allt útgefið hlutafé í félögunum sem áður var í eigu seljanda. Ekki er um að ræða samruna í félagaréttarlegum skilningi. Með hliðsjón af framangreindu er það mat samrunaaðila að viðskiptin feli í sér samruna samkvæmt b-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt, sbr. kafli 3.3 hér að neðan.

Líkt og reifað verður nánar hér í framhaldinu starfa samrunaaðilar að öllu leyti á ótengdum mörkuðum og því er samruninn svokallaður samsteypusamruni.

2.3 Ávinningur samruna

Styrkás telur mikinn ávinning vera af samrunanum og að vaxtarmöguleikar séu til staðar í rekstri félagsins. Kaupandi mun beita sér með virkum hætti í rekstri félagsins og styðja við frekari vöxt þess.

3. KAFLI

Samrunaaðilar

3.1 Hin keyptu félög

3.1.1 Starfsemin

Félögin starfa öll á mismunandi mörkuðum en hér að neðan er að finna yfirlit yfir starfsemi hvers félags.

Stólpi Gámar ehf.

Stólpi Gámar er gamalgróið fyrirtæki sem á sögu sína að rekja aftur til ársins 1974. Starfsemi Stólpa Gáma felst í sölu og útleigu á gámum, þ.e. geymslugámum, flutningagámum og frystigámum, og á húseiningum (gámahús). Skráður tilgangur þess er starfsemi eignarhaldsfélags.³

¹ Trúnaðarupplýsingar.

² Trúnaðarupplýsingar.

³ Skráður tilgangur félagsins endurspeglar ekki raunverulega starfsemi en fyrirhugað er að breyta tilgangi félagsins.

Stólpi Smiðja ehf.

Starfsemi Stólpa Smiðju felst í rekstri á járnsmiðju en gámaviðgerðir fyrir skipafélög hafa skipað stóran sess í starfsemi samstæðu Stólpa. Skráður tilgangur þess er starfsemi eignarhaldsfélags.⁴

Klettaskjól ehf.

Starfsemi Klettaskjól felst í útleigu á eininga- og gámahúsum. Skráður tilgangur þess er starfsemi eignarhaldsfélags.⁵

Stólpi ehf.

Starfsemi Stólpa felst í alhliða viðgerðarþjónustu, auk almennrar verktakastarfsemi á byggingarsviði. Skráður tilgangur þess er starfsemi eignarhaldsfélags.⁶

Tjónaþjónustan ehf.

Starfsemi Tjónaþjónustunnar felst í tjónaþjónustu fyrir tryggingarfélög í tengslum við tjón á byggingum og öðrum mannvirkjum. Starfsemi þess er takmörkuð og eru engir starfsmenn hjá félaginu. Skráður tilgangur þess er starfsemi eignarhaldsfélags.⁷

Alkul ehf.

Starfsemi Alkuls felst í viðhaldi og þjónustu á kæli- og frystibúnaði. Skráður tilgangur þess er sala, viðgerðir og þjónusta á kæli og frystibúnaði fyrir fyrirtæki og stofnanir.

3.1.2 Hluthafar

Hluthafi	Hluttur
Máttarstólpi ehf.	100%

3.2 Styrkás hf.

3.2.1 Starfsemin

Styrkás er eignarhaldsfélag í eigu Skeljar fjárfestingarfélags hf. og Horns IV slhf. Skráður tilgangur félagsins er eignarhald, rekstur, kaup og sala hluta í félögum, meðal annars á sviði orku og efnavöru, tækja og búnaðar, umhverfis, iðnaðar og eignaumsýslu, eignarhald, kaup, sala og rekstur fasteigna, fjármálaumsýsla, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

3.2.2 Bein og óbein yferráð

Styrkás fer með bein yferráð yfir félögunum Skeljungur ehf. og Klettur – sala og þjónusta ehf. Sjá nánar hér að neðan yfirlit yfir fyrirtæki undir beinum og óbeinum yferráðum Styrkáss.

⁴ Skráður tilgangur félagsins endurspeglar ekki raunverulega starfsemi en fyrirhugað er að breyta tilgangi félagsins.

⁵ Skráður tilgangur félagsins endurspeglar ekki raunverulega starfsemi en fyrirhugað er að breyta tilgangi félagsins.

⁶ Skráður tilgangur félagsins endurspeglar ekki raunverulega starfsemi en fyrirhugað er að breyta tilgangi félagsins.

⁷ Skráður tilgangur félagsins endurspeglar ekki raunverulega starfsemi en fyrirhugað er að breyta tilgangi félagsins.

Félag	Kennitala	Hluttur
Skeljungur ehf. („Skeljungur“)	630921-2010	100% (Beinn)
BARKUR ehf.	550310-1040	66,67% (Óbeinn)
Ecomar ehf.	660986-1549	67% (Óbeinn)
Tollvörugeymsla Skeljungs ehf.	531109-0310	100% (Óbeinn)
Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli ehf.	410904-2090	33% (Óbeinn)
Fjölver ehf.	530183-0179	33% (Óbeinn)

Félag	Kennitala	Hluttur
Klettur - sala og þjónusta ehf. („Klettur“)	461009-0420	100% (Beinn)

3.2.3 Hluthafar

Styrkás er í aðaleigu tveggja félaga:

Hluthafi	Hluttur
Skel fjárfestingafélag hf., kt. 590269-1749 („SKEL“)	69,82%
Horn IV slhf., kt. 680621-1430 („Horn IV“)	29,54%
Stjórnendur	0,64%

SKEL er fjárfestingarfélag skráð á aðalmarkað Nasdaq Nordic Iceland sem leggur áherslu á þróun nýrra tækifæra með félögum í fjölbreyttu eignasafni. Tilgangur félagsins er að eiga og stýra félögum á sviði smásölu og heildsölu, reksturs fasteigna, skipa og þjónustustöðva. Þá stundar félagið lána- og fjárfestingastarfsemi og sinnir öðrum atvinnurekstri eða tekur þátt í honum, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.

Horn IV er sérhæfður framtakssjóður sem rekinn er af Landsbréfum hf., kt. 691208-0520 („Landsbréf“) á grundvelli rekstrarsamnings samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, en Landsbréf er dótturfélag Landsbankans hf., kt. 471008-0280. Sjóðurinn er samlagshlutafélag sem rekið er sem lokaður sjóður með um 30 fagfjárfesta sem hluthafa. Enginn fjárfestir fer með meira en 20% hlut í félaginu.

Með ákvörðun 36/2023 tók Samkeppniseftirlitið afstöðu til samruna Landsbréfa, Horns IV, SKEL, og Styrkáss en með vísan til sáttar Samkeppniseftirlitsins, Landsbankans hf. og Landsbréfa hf. dags. 18. júlí 2023, sbr. ákvörðun nr. 25/2023 taldi Samkeppniseftirlitið ekki þörf á að aðhafast frekar í málinu. Vísað er til samrunaskrár og fylgiskjala með henni um frekari upplýsingar um hluthafa Styrkáss.

3.3 Velta

Velta samrunaaðila var eftirfarandi á Íslandi árin 2021 og 2022:

Félag	Velta 2022 (ISK)	Velta 2021 (ISK)
Klettur – sala og þjónusta ehf.	9.025.368.735	7.841.827.819
Skeljungur ehf.	50.742.000.000	2.813.000.000
Samtals:	59.767.368.735	10.654.827.819

Félag	Velta 2022 (ISK)	Velta 2021 (ISK)
Stólpi Gámar	1.618.246.689	868.066.993
Stólpi Smiðja	266.537.088	253.615.005
Klettaskjól	15.009.604	0
Stólpi ehf.	323.447.592	289.976.558
Tjónaþjónustan	40.648.078	47.311.688
Alkul	76.132.530	60.741.431
Samtals	2.340.021.581	1.519.711.675

Veltutölur eru fengnar úr ársreikningum samrunaaðila og samstæðufélaga þeirra og sýna veltu fyrir árin 2022 og 2021. Styrkás var stofnað árið 2022 og var enginn rekstur í félaginu fyrr en árið 2023 þegar félagið eignaðist allt hlutfé í Skeljungu og Kletti. Velta Skeljungs ehf. á árinu 2021 er mörkuð af því að félagið var stofnað 2021 með færslu eigna og rekstrar í nýtt félag og því endurspeglar veltutala reksturinn hluta af ári. Ársreikningar fyrir árin 2022 eru fylgiskjöl með samrunaskrá þessari. Ekki liggja fyrir veltutölur fyrir rekstrarárið 2023. Ef Samkeppniseftirlitið telur nauðsynlegt að fá veltu samrunaaðila fyrir rekstrarárið 2023 munu samrunaaðilar geta veitt eftirlitinu upplýsingar um óstaðfestar fjárhæðir.

4. KAFLI Markaðsskilgreiningar

4.1 Almennt

Í b. lið 8. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga kemur fram að í styttri tilkynningu um samruna skuli aðeins fjallað um þá markaði sem samruninn hefur áhrif á. Líkt og nánar er kveðið á um í 5. kafla hér að neðan telja samrunaaðilar að samruninn muni ekki hafa neikvæð áhrif á samkeppni á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á. Til fyllingar er aftur á móti í stuttu máli fjallað um þá markaði sem samrunaaðilar starfa á.

4.2 Starfsemi Styrkáss og dótturfélaga

Styrkás er eignarhaldsfélag og starfar fyrst og fremst á markaði fyrir fjárfestingastarfsemi. Skeljungur starfar á markaði fyrir innflutning og sölu á smurolú; markaði fyrir dreifingu, innkaup og heildsölu á eldsneyti, hreinsi- og efnavörum, áburði sem og öðrum vörum og þjónustubáttum

til fyrirtækja og bænda. Þjónusta og sala til stórnotenda, útgerða, í flug og verktöku er einnig hluti af starfsemi Skeljungs.⁸

Starfsemi Kletts felst í sölu og þjónustu við vinnuvélar, aflvélar, rafstöðvar, lyftara, rafgeyma, hleðslukrana, hjólbarða, vöruf lutninga- og hópferðabíla, gíra og skrúfubúnaðar o.s.frv. Klettur rekur fimm þjónustuverkstæði í Reykjavík og eitt á Akureyri, auk þess sem félagið starfrækir hjólbarðaverkstæði. Með hliðsjón af framangreindu telja samrunaaðilar að Klettur starfi á mörkuðum fyrir (i) innflutning og sölu vinnuvéla; (ii) innflutning og sölu vörubifreiða; (iii) sölu hjólbarða; (iv) rekstur hjólbarðaverkstæða; og (v) verkstæði fyrir bifreiðar, vinnuvélar og atvinnutæki.⁹

4.3 Starfsemi félaganna

4.3.1 Stólpi Gámar

Að mati samrunaaðila starfar Stólpi Gámar annars vegar á markaði fyrir sölu og útleigu á flutninga-, geymslu- og frystigámum og hins vegar markaði fyrir sölu og útleigu á húseiningargámum/gámahúsum. Þá býður Stólpi Gámar viðskiptavinum sínum jafnframt upp á að geyma gáma á geymslusvæði sínu. Samrunaaðilar telja ekki tilefni til að aðgreina framangreinda markaði frekar í þessu máli, t.a.m. eftir tegund gáma, stærð gáma eða viðskiptavinum (þ.e. einstaklingar eða fyrirtæki), þar sem samrunaaðilar telja að samruni þessi muni ekki hafa áhrif á samkeppni á framangreindum mörkuðum. Samrunaaðilar telja landfræðilegan markað vera landið allt.

Keppinautar Stólpa Gáma á markaði fyrir sölu og útleigu á flutninga-, geymslu- og frystigámum eru meðal annars Terra Einingar ehf. og Kapp ehf. Í tengslum við útleigu á geymslugámum er jafnframt samkeppnisþrýstingur frá sérhæfðum leigufélögum sem leigja út geymslurými til einstaklinga og fyrirtækja. Á markaði fyrir sölu og útleigu á húseiningargámum/gámahúsum eru helstu keppinautar Terra Einingar ehf. og Hýsi-Verkheimar ehf.

Ekki liggur fyrir í opinberum gögnum fjöldi gáma hér á landi. Samrunaaðilar telja nærtækast að nálagst áætlun á markaðshlutdeild aðila á framangreindum mörkuðum með tvennum hætti, með því að meta annars vegar veltu aðila og hins vegar bókfært virði gáma í eigu aðila. Hér að neðan er að finna samantekt á veltu og bókfærðu virði gáma hjá helstu keppinauta Stólpa Gáma. Upplýsingar í ársreikningum og framsetning er mismunandi hjá aðilum, er því nauðsynlegt að meta upplýsingar með þeim fyrirvara. Þá er jafnframt ekki að finna sundurliðun í reikningum félaganna eftir tegundum gáma, t.d. hvort um sé að ræða þurr gáma eða gámahús.

Aðili	Heildarvelta	Rekstrarfjármunir - Gámar
Stólpi Gámar ehf.	1.618 m.kr.	999 m.kr. ¹⁰

⁸ Sjá nánari umfjöllun um starfsemi Skeljungs í ákvörðunum nr. 6/2023 *Samruni Skel fjárfestingafélags ehf., Skeljungs ehf., Kletts sölu og þjónustu ehf.* og nr. 36/2023 *Samruni Landsbréfa hf., Horns IV slhf., Skeljar fjárfestingafélags ehf. og Styrkáss ehf.*

⁹ Nánar var fjallað um starfsemi Kletts í ákvörðun nr. 6/2023 *Samruni Skel fjárfestingafélags ehf., Skeljungs ehf., Kletts sölu og þjónustu ehf.*

¹⁰ Bókfært virði gáma í útleigu (746 m.kr.) og gáma til endursölu (253 m.kr.) samkvæmt ársreikningi Stólpa Gáma fyrir 2022.

Terra Einingar ehf.	672 m.kr.	2.261 m.kr. ¹¹
KAPP ehf.	1.684 m.kr.	Ekki sundurliðað í ársreikningi.

Samrunaaðilar telja að Terra Einingar ehf. sé stærsti keppinautur Stólpa Gáma á bæði markaði fyrir sölu og útleigu á flutninga-, geymslu- og frystigámum og markaði fyrir sölu og útleigu á húseiningargámum/gámahúsum. Við áætlun á markaðshlutdeild á framangreindum mörkuðum telja samrunaaðilar nauðsynlegt að taka það inn í myndina að rekstrarsamsetning hjá keppinautum félagsins samanstendur af mismunandi rekstrarþáttum. Þannig er t.d. Terra Einingar ehf. hluti af samstæðu Terra umhverfisþjónustu hf., sem er leiðandi félag á þeim mörkuðum sem það starfar á, og KAPP býður einnig upp á kælipjónustu, vélasmíði og þjónustu á tækjabúnaði. Þannig er ekki hægt að reikna nákvæma markaðshlutdeild á framangreindum mörkuðum út frá veltu einni og sér

Stólpi Gámar hefur lagt áherslu í rekstri sínum á útleigu og sölu á þurrgámum (þ.e. flutninga- og geymslugámar), frystigámum og gámahúsum til bæði fyrirtækja og einstaklinga. Einstaklingsmarkaðurinn hefur einkennst af því að einstaklingar taka gáma á leigu meðal annars við búslóðaflutninga innanlands og þegar þeir eru í framkvæmdum. Eftirspurn fyrirtækja er aftur á móti fjölbreyttari og taka þau gáma á leigu í margvíslegum tilgangi. [...] ¹²

Velta hjá Stólpa Gámum er umtalsvert meiri en velta Terra árið 2022 en á sama tíma er bókfært virði á gámum hjá Terra umtalsvert meiri en bókfært virði á gámum hjá Stólpa Gámum. Á rekstrarárinu 2022 eignaðist Terra gáma að fjárhæð um kr. 1.554 m.kr. samanborið við um 171 m.kr. hjá Stólpa Gámum. Þannig hefur samkeppni aukist verulega á síðustu árum. [...] ¹³

Með hliðsjón af framangreindu áætla samrunaaðilar að markaðshlutdeild Stólpa Gáma og helstu keppinauta sé eftirfarandi á þeim mörkuðum sem Stólpi Gámar starfar á:

Markaður fyrir sölu og útleigu á flutninga-, geymslu- og frystigámum

Aðili	Áætluð markaðshlutdeild
Stólpi Gámar	[...]%
Terra	[...]%
KAPP	[...]%
Aðrir	[...] ¹⁴

Markaður fyrir sölu og útleigu á húseiningargámum/gámahúsum

Aðili	Áætluð markaðshlutdeild
Stólpi Gámar	[..]%
Terra	[...]%
Hýsi	[...]%

¹¹ Bókfært virði skipagáma og húseininga samkvæmt ársreikningi Terra Einingar ehf. fyrir 2022.

¹² Trúnaðarupplýsingar.

¹³ Trúnaðarupplýsingar.

¹⁴ Trúnaðarupplýsingar.

4.3.2 Stólpi Smiðja

Stólpi Smiðja starfar á markaði fyrir vélsmiðjuíðnað. Keppinautar félagsins eru ótal mörg fyrirtæki sem veita einstaklingum og fyrirtækjum vélsmiðjuþjónustu, bæði stór sem smá. Samrunaaðilar telja landfræðilegan markað vera landið allt. Samrunaaðilar áætla að markaðshlutdeild Stólpa Smiðju sé óveruleg á framangreindum markaði.

4.3.3 Stólpi

Stólpi starfar á markaði fyrir byggingariðnað. Keppinautar félagsins eru ótal mörg fyrirtæki sem veita einstaklingum og fyrirtækjum verktakaþjónustu byggingarsviði. Samrunaaðilar telja landfræðilegan markað vera landið allt. Samrunaaðilar áætla að markaðshlutdeild Stólpa sé óveruleg á framangreindum markaði.

4.3.4 Klettaskjól

Klettaskjól starfar á markaði fyrir útleigu á eininga- og gámahúsum. [...] ¹⁶ Keppinautar félagsins eru meðal annars Terra ehf., Kapp ehf. og Hýsi ehf. Samrunaaðilar telja landfræðilegan markað vera landið allt. Samrunaaðilar áætla að markaðshlutdeild Klettaskjól sé lægri en [...] %¹⁷ á framangreindum markaði.

4.3.5 Tjónaþjónustan

Tjónaþjónustan starfar jafnframt á markaði fyrir byggingariðnað. Samrunaaðilar telja landfræðilegan markað vera landið allt. Markaðshlutdeild er hverfandi enda takmörkuð starfsemi í félaginu.

4.3.6 Alkul

Alkul starfar á markaði fyrir þjónustu á kæli- og frystibúnaði en markaðshlutdeild félagsins er óveruleg á framangreindum markaði. Keppinautar félagsins eru meðal annars Kælitækni ehf., KAPP ehf. og Ísfrost ehf.

5. KAFLI

Samkeppnisleg áhrif samruna

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni muni hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða leiði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. ákvæði 17. gr. c. samkeppnislaga.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa samkeppnisleg áhrif á þeim mörkuðum sem þeir starfa á, enda starfa þeir á ótengdum mörkuðum. Með samrunanum eykur því enginn

¹⁵ Trúnaðarupplýsingar.

¹⁶ Trúnaðarupplýsingar.

¹⁷ Trúnaðarupplýsingar.

samrunaaðila við markaðshlutdeild sína. Þá verður engin breyting á fjölda keppinauta á hlutaðeigandi mörkuðum og samþjöppun er engin.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar um starfsemi samrunaaðila telja samrunaaðilar að fyrirhugaður samruni muni ekki hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða að fyrirhuguð viðskipti verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Þannig er það mat samrunaaðila að fyrirhuguð kaup Styrkáss feli ekki í sér samkeppnislega samþjöppun sem hafi skaðleg áhrif á samkeppni á neinum mörkuðum.

6. KAFLI

Heimild til styttri tilkynningar

Í ákvæði a. liðar 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga kemur fram að heimilt sé að tilkynna um samruna með styttri tilkynningu þegar þeir markaðir þar sem áhrifa samrunans gætir eru ekki tengdir. Eins og að framan greinir telja samrunaaðilar að þetta skilyrði sé uppfyllt, þ.e. að starfsemi þeirra fari fram á óskyldum mörkuðum, en nánari sundurliðun á starfsemi hjá hluthöfum Styrkás er að finna í fylgiskjali 12.

7. KAFLI

Fylgiskjöl

Í samræmi við 8. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga fylgja þessari tilkynningu eftirfarandi skjöl:

1. Kaupsamningur, dags. 31. janúar 2024.
2. Umboð.
3. Ársreikningur Stólpa Gáma ehf. 2022
4. Ársreikningur Stólpa Smiðju ehf. 2022
5. Ársreikningur Klettaskjóls ehf. 2022
6. Ársreikningur Stólpa ehf. 2022
7. Ársreikningur Tjónaþjónustunnar ehf. 2022
8. Ársreikningur Alkuls ehf. 2022
9. Ársreikningur Styrkás 2022
10. Ársreikningur Skeljungs 2022
11. Ársreikningur Kletts – sala og þjónusta ehf. 2022
12. Yfirlit yfir starfsemi hjá aðilum tengdum hluthöfum Styrkás.
13. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjölum án trúnaðarupplýsinga.
14. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjölum á starfrænu læsilegu formi.
15. Afrit af kvittun vegna tilkynningargjalds.

8. KAFLI

Yfirlýsing

Undirritaður lýsir því yfir að upplýsingar þær, sem veittar eru í skrá þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú.

Er þess sérstaklega óskað að meðferð málsins verði hraðað eins og mögulega er kostur.

Reykjavík, 18. febrúar 2024

Virðingarfyllst,

f.h. Styrkáss ehf.

Brynjar Freyr Garðarsson, fulltrúi
BBA//Fjeldco